



Fyrirtæki og skattar

Auðbergur Daníel Hálf dánarson

Jón Davíð Davíðsson

B.Sc. í viðskiptafræði

Vorönn 2012

Leiðbeinandi:

Páll Jóhannesson, hdl.

Auðbergur Daníel Hálf dánarson

Kt. 151088-3099

Jón Davíð Davíðsson

Kt. 100188-2449

Formáli

Ritgerð þessi er B.Sc. verkefni í viðskiptafræði við Háskólann í Reykjavík. Höfundar hafa báðir setið námskeið í uppgjörum og skattskilum, gerð og greininga ársreikninga, ásamt endurskipulagningu fyrirtækja, svo að ljóst er að höfundar hafa haft gagn og gaman að þessari ritsmíð. Með henni er ætlað í einföldu máli að varpa ljósi á skattskyldu og ábyrgð fyrirtækja. Höfundar verkefnisins eru Auðbergur Daníel Hálfðánarson og Jón Davíð Davíðsson. Leiðbeinandi er Páll Jóhannesson, hdl., og vilja höfundar færa honum bestu þakkir fyrir veitta aðstoð. Jafnframt vilja höfundar þakka Birni Jóni Bragasyni, sagnfræðingi, fyrir lestur á próförk.

Reykjavík, 17. maí 2012

Auðbergur Daníel Hálfðánarson

Jón Davíð Davíðsson

Efnisyfirlit

Ágrip	5
1 Inngangur	6
2 Rekstrarformin	8
2.1 Einstaklingsfyrirtæki.....	8
2.1.1 <i>Stofnun</i>	8
2.1.2 <i>Ábyrgð</i>	8
2.1.3 <i>Skattar</i>	9
2.2 Hlutafélög og einkahlutafélög.....	9
2.2.1 <i>Stofnun</i>	10
2.2.2 <i>Stofngjald</i>	10
2.2.3 <i>Ábyrgð</i>	11
2.2.4 <i>Félagsslit</i>	11
2.2.5 <i>Skattar</i>	11
2.3 Sameignarfélag	12
2.3.1 <i>Stofnun</i>	12
2.3.2 <i>Stofngjald</i>	12
2.3.3 <i>Ábyrgð</i>	13
2.3.4 <i>Félagsslit</i>	13
2.3.5 <i>Úrsögn og sala félagsaðildar</i>	13
2.3.6 <i>Skattar</i>	14
2.4 Samlagsfélag	14
2.4.1 <i>Stofnun</i>	15
2.4.2 <i>Stofngjald</i>	15
2.4.3 <i>Ábyrgð</i>	15
2.4.4 <i>Félagsslit</i>	16
2.4.5 <i>Skattar</i>	16
3 Breyting rekstrarforms	17
4 Bókhald	18
5 Frádráttur frá rekstrartekjum	19
6 Fyrningar	20
6.1 Fyrningarhlutföll	20

7	Söluhagnaður hlutabréfa.....	22
7.1	Söluhagnaður: 10% reglan.....	22
8	Arður.....	23
8.1	Skattaleg meðhöndlun arðs.....	23
8.1.1	<i>Einstaklingsrekstur.....</i>	23
8.1.2	<i>Einkahlutafélög og hlutafélög.....</i>	23
8.1.3	<i>Sameignarfélag og samlagsfélög.....</i>	24
8.2	Nýlegar lagabreytingar um arð.....	24
8.3	Dulinn arður.....	27
8.3.1	<i>Gerðir dulins arðs.....</i>	28
8.3.1.1	<i>Heimildir skattfyrvalda.....</i>	28
8.4	Arðgreiðslur á liðnum árum.....	29
8.5	Lögaðilar á lágskattasvæði (CFC).....	30
9	Stefnumótun um skattahagræði.....	32
10	Virkt skatthlutfall og stærðarhagkvæmni.....	33
11	Tegundir rekstrar og félagiformin.....	35
12	Lokaorð.....	38
	Heimildaskrá.....	40
	Lög og reglugerðir.....	41

Myndaskrá

Mynd 1:	Fjármagnstekjuskattur í milljónum króna. Fast verðlag ársins 2010.....	29
Mynd 2:	Rekstrarform eftir tegundum fyrirtækja.....	36
Mynd 3:	Hlutfall fyrirtækja eftir rekstrarformi á Íslandi.....	37

Ágrip

Markmið þessa verkefnis er að kanna þau mál er snúa að skattskyldu og ábyrgð fyrirtækja, fjalla um félagiformin sjálf, skipulag þeirra, skattskyldu og úrræði á því sviði, hvers lags rekstri hentar hvaða félagiformi, svo og hvaða orsakir nýlegar skattabreytingar hafa haft í för með sér. Mikið rót hefur verið á lögum og reglugerðum er varðar umgjörð fyrirtækja og skattamál þeirra undanfarin ár. Er það notaður sem ákveðin útgangspunktur til þess að komast því hvaða áhrif þær hafa á hegðun fyrirtækja og stjórnenda þeirra. Helstu heimildir eru fengnar úr hinum ýmsu fræðiritum er snúa að félagarétti, Hagstofu Íslands og erlendum fræðigreinum.

Niðurstaða verkefnisins var á þá vegu að nýlegar lagasetningar sem þó nokkrum hefur verið breytt aftur til betri vegar hafi hamlandi áhrif á fyrirtæki. Þau leiddu meðal annars til þess að aðilar hófu í meira mæli að nýta sér samlagsfélagsformið utan um rekstur sinn. Þá fjalla höfundar einnig um leiðir er stjórnendum fyrirtækja standa til boða er varðar skipulag í skattamálum sem gætu nýst mörgum fyrirtækjum til góða.

1 Inngangur

Einkaframtakið hefur lengi verið ríkt í fari Íslendinga og er draumur margra að lúta ekki stjórn annarra; verða sinn eiginn herra með stofnun arðbærs atvinnurekstrar. Það stafar líklegast af þeirri sjálfstæðisþrá sem býr í okkur öllum frá því að Danir réðu lögum og lofum yfir landinu um árhundruð. Njóta þeir sem stunda rekstur virðingar náungans og eru kallaðir frumkvöðlar. En með rekstri fylgir ekki einungis vegsemdin, heldur einnig ýmsar kvaðir. Skattar eru þar stór þáttur í rekstri þeirra. Hafa skattar fylgt manningnum nánast frá öndverðu og Íslendingar ekki staðið öðrum löndum aftar í þeim efnum. Voru fyrstu skattarnir samþykktir á hér á landi undir lok elleftu aldar og nefndust þeir tíund. Þeir voru hins vegar öðruvísi en erlend tíund sem miðaðist við $\frac{1}{10}$ tekjuöflunar þess árs, en í henni var skattheimta $\frac{1}{100}$ af virði allra eigna. Þannig var fyrsti íslenski skatturinn eignaskattur, en ekki tekjuskattur. Þetta kerfi átti eftir að haldast um allmörg árhundruð (Gísli Gunnarsson, 2002).

Við upphaf rekstrar og stofnun fyrirtækis standa forsvarsmenn frammi fyrir þeirri spurningu um hvaða félagaform eigi að mynda utan um reksturinn sjálfan. Ber þeim að ígrunda val sitt vel, því afleiðingar þess munu hafa áhrif á reksturinn um allan líftíma hans. Eru þau um margt ólík, hvort sem er að eðlismun þeirra og ábyrgð eða jafnvel greiðslu svo stórs útgjaldaliðs sem álagður skattur þeirra er. Samkvæmt lögum um tekjuskatt nr. 90/2003 (hér eftir tsl.) ber öllum aðilum – einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum, með ákveðnum undartekningum – að greiða tekjuskatt hér á landi. Ritað er í lögnum hve hár hann skuli vera og hvernig hann skuli reiknaður, en þó það virðist svart á hvítu hver hann skuli vera í lok hvers árs þarf það ekki ávallt að vera. Fer það eftir eðli fyrirtækisins og hvað eigendur ætlist fyrir með hagnað þess hvernig skattaupbyggingu þess skuli háttað.

Skattaskipulagning eða öðrum orðum skattaleg hagræðing getur verið eitt mikilvægasta tólið til að tryggja stöðugan og ábyrgan rekstur fyrirtækis. Með henni er jafnframt hægt að „finna“ fjármuni sem ella hefðu farið í ofgreidda skatta af þeirri einföldu ástæðu að forsvarsmenn fyrirtækisins höfðu ekki næga þekkingu til að beita þeim leiðum sem í boði voru. Því borgar sig að kunna skil á hvað skuli gera er kemur að skattamálum. Flestir gera sér ekki grein fyrir því hve miklu máli skiptir fyrir verðmæti félags að sköttum sé haldið í lágmarki, þótt ekki sé um annað að ræða en frestun skattgreiðslna til tímamarkts í framtíðinni. Með því móti stendur meira eftir af hagnaði félagsins sem nota má til að greiða hlutareigendum arð af sinni fjárfestingu eða verja fénu í frekari vöxt fyrirtækisins.

Frá efnahagshruni haustið 2008 hefur Alþingi gert margar breytingar, og sumar hverjar röt-tækar, á lögum um tekjuskatt. Svo tíðar hafa breytingar orðið að sem dæmi má nefna að á liðnum fjórum árum hefur reglum um útgreiðslu arðs og skattlagningu söluhagnaðar hlutabréfa verið breytt í þrígang. Breytingar þessar hafa allar borið það með sér að álögur á fyrirtæki hafa hækkað. Þetta hefur hróflað við annars nokkuð stöðugu umhverfi þeirra og skapar óvissu um hvað skuli koma næst.

Tíðar breytingar skattaumhverfisins gerir fyrirtækjum óhjákvæmilega erfitt um vik að skipuleggja rekstur sinn fram í tímann. Breytingar á skattlagningu útgreiðslu arðs hefur jafnframt haft í för með sér fjölgun stofnaðra samlagsfélaga, félaga sem voru nærri óþekkt fyrir fáum árum. Það þarf í sjálfu sér ekki að merkja neitt slæmt, en áhugavert er að geta sér til um og sjá hver áhrif áðurgenginna skattalagabreytinga hafa haft í för með sér.

Með B.Sc. ritgerð þessari verður einkum ætlast til að varpa ljósi á skattskyldu og ábyrgð fyrirtækja; fjalla um félagiformin sjálf, skipulag þeirra, skattskyldu og úrræði á því sviði, hvers lags rekstri hentar hvaða félagiform, svo og hvaða orsakir nýlegar skattabreytingar hafa haft í för með sér.

2 Rekstrarformin

2.1 Einstaklingsfyrirtæki

Einstaklingsfyrirtæki eða einstaklingsrekstur er rekstur rekinn á kennitölu eigandans sjálfs og er einfaldasta rekstrarformið sem í boði er. Helstu kostir einstaklingsfyrirtækis eru einfalt laga-umhverfi, mikið sjálfstæði eigenda og oft og tíðum lítill stofnkostnaður. Eigandinn er miklu mun frjálssari gagnvart lögum; hann má ganga í sjóði rekstrarins að vild, ekkert stofnfé er nauðsynlegt og fjármagnstekjuskattur er ekki greiddur af arði til eiganda enda er ekki um eiginlegan arð að ræða (Sigríður Logadóttir, 2003).

Erfitt er að selja slíkan rekstur komi upp vilji til slíks þar sem reksturinn er starfræktur á kennitölu sjálfs eigandans. Er því ávallt nauðsynlegt fyrir kaupanda einstaklingsrekstrar að kaupa eignirnar og starfsemina sem fylgir án þess í raun að kaupa einstaklingsfyrirtækið sjálft. Þó væri í slíkum tilvikum hægt að yfirfæra einstaklingsrekstur, rétt áður en til sölu kæmi, yfir í einkahlutafélag án þess að skattlagningar nyti við. Þá getur verið illmögulegt að skilja á milli einkafjármála og rekstrarfjármála undir þessum formerkjum, og fylgir mikil áhætta ef í harðbakkan slær (Sigríður Logadóttir, 2003).

2.1.1 Stofnun

Ekki er nauðsynlegt að stofna einstaklingsfyrirtæki í eiginlegri merkingu þess orðs. Aðili getur hafið rekstur og hætt honum án þess að tilkynna þurfi það sérstaklega eða greiða því tengd gjöld. Þó verður viðkomandi að tilkynna sig til skráningar á launagreiðendaskrá, greiði hann laun og til skráningar hjá Ríkisskattstjóra sé hann í virðisaukaskattskyldri starfsemi (Efnahags- og viðskiptaráðuneytið, 2012).

Einstaklingur getur skráð einstaklingsfyrirtæki undir öðru nafni en hans eigin. Þarf hann þá að skrá það hjá sýslumanni og greiða fyrir það 66.500 kr. Það er hins vegar ekki nauðsynlegt (Sýslumenn á Íslandi, 2010).

2.1.2 Ábyrgð

Reksturinn er starfræktur í nafni einstaklingsins og ber hann fulla ábyrgð á öllum skuldbindingum. Ábyrgð eiganda á sínu einstaklingsfyrirtæki er órjúfanleg og sterk. Kröfuhafi fyrirtækis getur undir slíku rekstrarformi gengið beint að eigum eigandans borgi hann ekki sínar skuldir, þrátt fyrir að skuldirnar séu að forminu til ekki gagnvart persónunni. Til tryggingar

standa allar eigur einstaklingsins, hvort sem um er að ræða fasteignir, bifreiðir og aðra verðmæta muni. Þannig eru kröfur lánveitanda betur tryggðar, en staða eigandans strembnari og krefst meiri varfærni í öllum rekstri (Sigríður Logadóttir, 2003).

2.1.3 Skattar

Skattlagningin er hærri en hjá öðrum fyrirtækjaformum og erfiðara að færa í bókhald kostnað á móti tekjum. Tekjuskattur einstaklingrekstrar er miðaður við tekjuskatta einstaklingsins sjálfs og reiknast af tekjuskattsstofni. Heimilt er að draga frá tekjum þau gjöld sem urðu til á reiknings-tímabili og fóru í að afla, viðhalda eða auka tekjur (Lög um tekjuskatt, 2003).

Tekjuskatt einstaklinga má sjá í tsl. en hann er nú:

- a) 22,9% af tekjuskattsstofni að 2.760.000 kr.
- b) 25,8% af tekjuskattsstofni á milli 2.760.000 kr. og 8.452.400 og
- c) 31,8% af tekjuskattsstofni umfram 8.452.400 kr.

Hér er ótalið útsvar sem hver einstaklingur greiðir, en það er mismunandi á milli sveitarfélaga. Lágmarksútsvar er 12,44% en hámarksútsvar 14,48% (Ríkisskattstjóri, e.d. a).

2.2 Hlutafélög og einkahlutafélög

Heildstæð lög um hlutafélög eiga sínar rætur að rekja til ársins 1921 þegar lög nr. 77/1921 um hlutafélög voru samþykkt á Alþingi. Með nýjustu breytingum sem gerðar hafa verið á þessum rekstrarformum árin 1994 og 1995 var löggjöfinni breytt til samræmis við evrópska löggjöf í kjölfar EES samningsins, en þá bættist við nýtt form fyrirtækja, svokölluð einkahlutafélög (Stefán Már Stefánsson, 2003).

Frá árinu 1994 þegar lög um einkahlutafélög (hér eftir ehl.) gengu í gildi hefur slíkum fyrirtækjum fjölgað jafnt og þétt. Þau eru nú yfir 30 þúsund talsins og hefur efnahagslægd liðinna ára ekki myndað skarð í fjölda þeirra. Til viðmiðunar má nefna að starfrækt hlutafélög voru 660 í lok síðasta árs (Hagstofa Íslands, e.d.).

Hreyfanleiki eigenda þessara fyrirtækja er mikill að því leyti að litlar sem engar hömlur eru settar á kaup, sölu og veðsetningu hlutar í félaginu, nema sérstaklega sé kveðið á um það í samþykktum (Lög um einkahlutafélög, 1994 og Lög um hlutafélög, 1995) og ef að lög kveða á um skorður, til dæmis lög um takmarkaða eignaraðild útlendinga á sjávarútvegsfyrirtækjum og orkufyrirtækjum (Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, 1991).

2.2.1 Stofnun

Í lögum um einkahlutafélög og hlutafélög (hér eftir hl.) má sjá að stífar reglur eru um stofnun slíkra fyrirtækja og kunna þær stundum að virðast gera stofnun þeirra þungbærari en ella, en það er gert svo að tryggt sé nægjanlegt upplýsingaflæði til yfirvalda og smærri hluthafa. Svo mikið er lagt á að rétt sé staðið að stofnun nýrra fyrirtækja með þessum rekstrarformum að ef svo er ekki kunna viðkomandi aðilar samkvæmt XV. og XVIII. kafla beggja laga að baka sér skaðabótaskyldu og/eða refsiaþbyrgð.

Við stofnun þarf, sbr. II. kafla í bæði ehl. og hl., að skrifa stofnsamning sem inniheldur upplýsingar um upphæð hlutafjár, tilgang félagsins, stofnfélaga og eignarhluta þeirra í félaginu ásamt annarra tilgreindra upplýsinga. Þá verður stofnsamningur að innihalda drög að samþykktum, sem eru upp að ákveðnu marki „grunnlög“ félagsins; hvernig rekstrinum skuli háttáð, svo og hvernig samskipti félagsins við hluthafa og hluthafana sjálfra í millum skuli vera.

Stofnendur hlutafélaga og einkahlutafélaga geta verið allir þeir fjárhagslega bærir einstaklingar og allir lögaðilar nema almenn félagasamtök, en þarf að minnsta kosti einn þeirra að vera með lögheimili á evrópska efnahagssvæðinu, nema ráðherra veiti undanþágu samkvæmt sömu köflum laganna (Lög um einkahlutafélög, 1994 og Lög um hlutafélög, 1995).

2.2.2 Stofngjald

Kostnaður við stofnun einkahlutafélags og hlutafélags felst í skráningargjaldi til fyrirtækjaskrár sem nú er 130.500 kr. fyrir einkahlutafélag og 256.000 kr. fyrir hlutafélag. Þar er meðtalið gjald fyrir kennitöluskráningu og tilkynningu sem birt er í *Lögbirtingablaði* (Ríkisskattstjóri, e.d. b). Við stofnkostnað hlutafélaga bætist hálfis prósentis gjald á fjárhæð útgefinna hlutabréfa, sbr. 21.gr. laga um stimpilgjald nr. 36/1978. Þá verða hluthafar að vera búnir að inna af hendi það fé sem tilgreint er í stofnsamningi og samþykktum að skuli mynda hlutafé félagsins. Sérregla gildir þó um hlutafélög að þessu leyti, því einungis er nauðsynlegt að greiða helming tilgreinds hlutafjár við stofnun félagsins með þeim fyrirvara að sú greiðsla má aldrei vera lægri en gefið lágmark í 1.gr. hl. (Stefán Már Stefánsson, 2003).

Lágmarksfjárhæð hlutafjár er gefin í lögum rekstrarformanna (ehl./hl.). Fyrir einkahlutafélög er hún 500.000 kr. og fyrir hlutafélög 4.000.000 kr. (Stefán Már Stefánsson, 2003). Samkvæmt II. kafla ehl. og hl. má greiðsla hlutafjár vera önnur en peningagreiðsla og þarf þá undirritað virðismat frá lögfræðingi eða endurskoðanda að fylgja hjá einkahlutafélögum og

sérfræðiskýrsla hjá hlutafélögum. Þó nægir framvísaður ársreikningur sé hann staðfestur af endurskoðanda og að þessi viðskipti komi fram á honum með skýrum hætti, sbr. b-lið 6.gr. sömu laga.

2.2.3 Ábyrgð

Frá upphafi hefur hugtakið „takmörkuð ábyrgð“ verið undirstaða þeirrar löggjafar sem umlykja þessi rekstrarform og það haldist í gegnum veigamiklar lagabreytingar árin 1978 og 1994-1995. Eru mörg rök sem mæla með því að aleiga manna skuli ekki liggja að veði þegar lagt er af stað í rekstur. Með því eru eignarhlutir auðseljanlegri, betur gengur að safna fjárfestum í áhættusamari rekstur og hraðar almennt framgangi í viðskiptum, þó einhverjum kynni þykja nóg um hraða í viðskiptalífínu (Stefán Már Stefánsson, 2003).

Með takmarkaðri ábyrgð er átt við að ábyrgð hluthafans á skuldbindingum félagsins skorðast við það hlutafé sem félagsmaður leggur í félagið. Sá sem á kröfu á hendur hlutafélagi á því á hættu að fá kröfu sína ekki greidda fari félagið í gjaldþrot. Það hlutafé og þær eignir sem standa inni í félaginu við gjaldþrot ganga fyrst upp í skuldir félagsins. Einungis að því loknu gæti hluthafi fengið sitt tap bætt og yrðu þær greiðslur þá goldnar í réttu hlutfalli við hlutafjáreign (Páll Skúlason, 1990).

2.2.4 Félagsslit

Reglur um félagsslit koma fram í lögum um gjaldþrotaskipti (1991) og XIII. kafla ehl./hl. Krafa um félagsslit þarf vera tekin til framkvæmda uppfylli hún tiltekin skilyrði, annað hvort samkvæmt lögum eða samþykktum félagsins. Margar ástæður geta legið að baki þeirri ákvörðun og þurfa þær alls ekki að vera vegna yfirvofandi gjaldþrots félagsins. Til dæmis má vera að samkvæmt samþykktum sé ætlaður tími til starfseminnar liðinn eða tilgangi félagsins fullnád. Jafnt héraðsdómur sem hluthafar geta tekið ákvörðun um að félagi skuli slitið. Það má verða vegna kröfu ráðherra, hluthafa, félagsstjórnar eða lánadrottna (Stefán Már Stefánsson, 2003).

2.2.5 Skattar

Tekjuskattur er innheimtur á grundvelli 71.gr. tsl. og er í dag 20% af tekjuskattstofni. Tekjuskattstofn er reiknaður sem allar skattskyldar tekjur fyrirtækisins að frádrögnum heimilum, frádráttabærum kostnaði. Er það lægsta skattprósentan á meðal rekstrarforma fyrirtækja, en aftur

á móti þurfa hluthafar að greiða fjármagnstekjuskatt af úthlutuðum arði (sem nú er 20%; Lög um tekjuskatt, 2003).

2.3 Sameignarfélag

Þótt sameignarfélög hafa verið starfrækt hér á landi í meira en heila öld hefur lengst af engin heildstæð löggjöf um þau verið til. Heildarlöggjöf um þau leit fyrst dagsins ljós árið 2007 með lögum nr. 50/2007. Aðdragandi þeirra á sér langa forsögu og stóð til að smíða löggjöf fyrir hartnær þrjátíu árum, en það mál dagaði uppi í nefnd (Páll Skúlason, 1990). Fjarvera slíkra laga á bernskuárum sameignarfélagins kann að hafa stýrt því hve frjálst félagafarm sameignarfélagið er gagnvart löggjafanum, þá í þeirri merkingu, að félagsmenn geta sjálfir samið í félagssamningi um margt það sem í ehl. / hl. er formfast og skorðað.

Hugtakið sameignarfélag er skilgreint í lögum sem félag tveggja eða fleiri einstaklinga eða lögaðila sem byggist á samningi um sameiginlega fjárhagslega starfsemi. Fyrirgreind setning gæti allt eins átt við um hlutafélag eða samlagsfélag, svo að kafa verður dýpra í lögin til að sjá hvað býr í raun að baki orðinu „sameignarfélag“ (Lög um sameignarfélög, 2007).

2.3.1 Stofnun

Stofnendur geta verið allir lögráða einstaklingar og lögaðilar. Þeir gera með sér félagssamning þar sem kveðið er um hvernig samskiptum félagsmanna, í víðasta skilningi þess orðs, skuli vera háttað. Félagsmönnum er frjálstara en eigendum annars konar félaga að sníða reglur um starfseminu sjálfa að persónulegum þörfum og aðstæðum félagsmanna. Félagið þarf að skrá í firmaskrá hjá sýslumanni þess sveitarfélags hvar félagið á sitt lögheimili (Lög um sameignarfélög, 2007 og Páll Skúlason, 1990).

2.3.2 Stofngjald

Engin lágmarkskrafa er gerð um stofnfé þegar um er að ræða sameignarfélag, en það er alfarið ákveðið af stofnendum. Skráning fyrirtækisins fer fram hjá sýslumönnum og kostar 83.000 kr., ásamt 1.000 kr. gjaldi vegna birtingar í *Lögbirtingablaðinu* og greiðsla vegna kennitölu fyrir félagið er 5.000 kr. (Sýslumenn á Íslandi, 2010).

2.3.3 Ábyrgð

Hvort sem það þykir kostur eða galli, þá á það við um sameignarfélög jafnt sem félög í einstaklingsrekstri að mikil ábyrgð ríkir á eigendum þeirra. Félagsmenn í sameignarfélagi bera „einn fyrir alla og allir fyrir einn ábyrgð“ á heildarskuldbindingum félagsins, sem merkir að kröfuhafi getur krafist hvern þann félagsmann sem er um greiðslu kröfu sinnar hafi félagið ekki greitt á tilskyldum tíma. Ef sú staða kemur upp að félagsmaður er krafinn um greiðslu skuldar félagsins verður að vera búið að krefja félagið sjálft um greiðslu. Greiði félagið skuldina ekki innan fimmtán daga frá því að krafa barst getur kröfuhafi krafist félagsmann um greiðslu hennar. Krefja má félagsmann beint um greiðslu skuldar ef ekki er unnt að finna félagið eða þegar augljóst er að félagið getur ekki greitt (Lög um sameignarfélög, 2007). Af þessum sökum þarf samheldni eigenda að vera í öndvegi.

Sá félagsmaður sem verður fyrir því að þurfa að greiða skuld félagsins á þó endurkröfurétt á samfélagsmenn sína í réttu hlutfalli við eign í félaginu. Nýr félagsmaður sem gengur inn í sameignarfélag eftir stofnun þess ber einnig ábyrgð á eldri skuldbindingum félagsins nema um annað sé kveðið í félagssamningi. Slíkt þarf þó að tilkynna til firmaskrár og birta í *Lögbirtingarblaði* (Lög um sameignarfélög, 2007).

2.3.4 Félagsslit

Sé félagsmaður í sameignarfélagi orðinn einn, hvort sem er vegna andláts félagsmanns eða úrsagnar, telst fyrirtækinu sjálfkrafa slitið hafi fjöldi félagsmanna verið einn í hálfu ári. Skal fyrirtækið þá gert upp, skuldir greiddar og afgangur, ef einhver er, afhentur félagsmanni (Lög um sameignarfélög, 2007).

Taki félagssundur ákvörðun um að félaginu skuli skipta upp – eða einstakur félagsmaður, hafi hann til þess heimild – er kjörin skilanefnd sem sér um skipti félagsins. Hún má samanstanda af félagsstjórn, félagsmönnum eða öðrum aðilum. Komi félagsmenn sér ekki saman um skilanefnd er hún valin af firmaskrá. Eftir að félagi er slitið stendur enn sama ábyrgð félagsmanna á þeim skuldum sem ef til vill hefur ekki náðst að greiða (Lög um sameignarfélög, 2007).

2.3.5 Úrsögn og sala félagsaðildar

Félagsmaður getur krafist úrsagnar úr sameignarfélagi að skilyrðum fullnægðum. Þau eru: Að hafi verið verulega brotið gegn réttindum hans, sem tilgreind eru í félagssamningi eða hann hafi orðið undir í mikilvægri atkvæðagreiðslu á félagsfundum. Þá einnig þegar af öðrum sanngirniss-

ástæðum teljist það heimilt. Sé úrsagnar krafist af félagsmanni verða aðrir félagsmenn að leysa hann út úr félaginu á innlausnarverði dagsins sem úrsagnar var krafist. Félagsmenn geta samið sig frá fyrrgreindum atriðum, bætt við eða breytt í félagssamningi (Lög um sameignarfélög, 2007).

Að selja félagsaðild sína í sameignarfélagi getur verið torvelt og stundum alfarið bannað. Er það undir félagssamningi komið, sem félagsmenn gera við stofnun félagsins, hvort getið sé um að slíkt sé leyfilegt, háð skilyrðum eða bannað. Í ljósi ábyrgðarinnar sem hvílir á félagsmönnum má færa rök fyrir því að hið gefna sé að sala félagsaðildar sé bönnuð, sem megi síðan víkja frá séu allir félagsmenn því samþykkir, enda byggist samstarfið á mjög persónulegu sambandi manna (Lög um sameignarfélög, 2007 og Páll Skúlason, 1990).

Samkvæmt lögum erfist félagsaðild ekki, en félagsmönnum er heimilt að setja ákvæði í félagssamning um að erfingi megi leggja hlut sinn aftur inn í félagið. Þá er auðvelt að komast framhjá þessu með milliprepi einkahlutafélags sem stendur á milli einstaklingsins sem væri þá formlegur félagsaðili sameignarfélagsins (Lög um sameignarfélög, 2007).

2.3.6 Skattar

Tekjuskattar sameignarfélaga eru hærri en einkahlutafélaga og hlutafélaga, 36% á móti 20%, en ber þess þó að geta að eigendur einkahlutafélaga og hlutafélaga greiða fjármagnstekjuskatt af mótteknum arði sem eigendur sameignarfélags gera ekki (Lög um tekjuskatt, 2003). Á skattlagningin því að koma út á sléttu (að því gefnu að 11.gr. tsl. eigi ekki við, sjá nánar í kafla 8.2) og sé ekki tekið tillit til tímavirði peninga og getu til endurfjárfestingar án þess að arður sé útgreiddur. Þá er félaginu frjálsara umleykis en öðrum rekstrarformum (að frátöldum einstaklingsrekstri) að afhenda eigendum sínum fé úr sjóðum (Páll Skúlason, 1990).

Ef ákveðið er af félagsaðilum að sameignarfélagið skuli ekki vera sjálfstæður skattaðili, greiða eigendur tekjuskatt af hagnaði félagsins eftir eignarhluta og þar sem eigendur geta bæði verið einstaklingar og lögaðilar getur skattlagning verið mismunandi (Lög um tekjuskatt, 2003).

2.4 Samlagsfélag

Samlagsfélag má vera stofnað af einum eða fleiri aðilum, öllum lögráða einstaklingum eða lögaðilum. Hefur þetta rekstrarform notið hratt vaxandi vinsælda á liðnum misserum og frá 2005 hefur þeim fjölgað að meðaltali um 37% á ári, en þá voru skráð í lok árs 196 en eru í lok síðasta árs tæplega 2.200 (Hagstofa Íslands, e.d.). Þetta er vafalaust sökum aukinnar skattheimtu á

útgreiðslu arðs í einkahlutafélögum, en jafnvel einnig vegna ákveðinnar vitundavakningar um þetta gamla rekstrarform enda hentugt fyrir lítil fyrirtæki (Jón A. Bergsveinsson, 2010).

2.4.1 Stofnun

Stofnendur geta verið allir lögráða einstaklingar og lögaðilar. Semja þeir með sér samlags-samning þar sem kveðið er um hvernig samskiptum samlagsmanna, í víðasta skilningi þess orðs, skuli vera háttáð. Skrá þarf félagið í firmaskrá hjá sýslumanni þess sveitarfélags hvar félagið á sitt lögheimili (Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, 1903).

2.4.2 Stofngjald

Lágmarksstofnfé er ekki ákveðið með lögum, heldur ákveða samlagsmenn sjálfir á stofnfundi hve hátt það skuli vera og hvort það skuli yfirhöfuð greitt (Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, 1903). Skráning fyrirtækisins fer fram hjá sýslumönnum og kostar 83.000 kr., ásamt 1.000 kr. gjaldi vegna birtingar í *Lögbirtingablaðinu* og greiðsla vegna kennitölu fyrir félagið, 5.000 kr. (Sýslumenn á Íslandi, 2010).

2.4.3 Ábyrgð

Að minnsta kosti einn félagsmaður verður að bera ótakmarkaða ábyrgð á heildarskuldbindingum félagsins. Nefnist hann aðalmaður (eða höfuðmaður), og aðrir samlagsmenn. Með slíkri ábyrgð er átt við að kröfuhafi geti gengið beint að öllum eignum aðalmanns greiði fyrirtækið ekki sínar skuldir. Samlagsmenn bera takmarkaða ábyrgð sem samsvarar því framlagi sem myndar hlutafé í félaginu (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

Áhætta aðalmanns er án skilyrða og hvílir á honum greiðsluskylda skulda lendi félagið í greiðsluvanda. Því væri ekki hentugt að stunda áhættusaman rekstur í samlagsfélagi, nema farin yrði sú leið sem algeng er orðin, að stofna einkahlutafélag samhliða sem ætti lítinn hlut í félaginu og á því félagi hvíldi hin ótakmarkaða ábyrgð. Þannig væri í raun búið að umbreyta samlagsfélaginu úr félagi með skipta takmarkaða og ótakmarkaða ábyrgð yfir í félag eingöngu með takmarkaða ábyrgð eigenda (Lúðvík Þráinsson, munnleg heimild, 3. maí 2012). Það getur þó verið áhættusamur leikur, sbr. fallin dóm E-822/2009.

Erfiðara er að breyta eigendasamsetningu eftir stofnun en í hlutafélagi, en þó ekki eins erfitt og í sameignarfélagi í ljósi þess að félagsmenn með ótakmarkaða ábyrgð eru skilgreindir og

nýir eigendur þyrftu því ekki að vara sig að þessu leyti félagsins gjörðum fortíðar (Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, 1903).

2.4.4 Félagsslit

Samlagsmenn með takmarkaða ábyrgð þurfa einungis að standa skil af upphæð sem samþykkt hefur verið í samlagssamningi. Fjárhæðin sem þar kemur fram mun þá ganga upp í gjaldþrot félagsins ef slíkt kemur til. Um aðalmann gildir hins vegar sama og með félagsmenn í sameignarfélagi (Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð, 1903).

2.4.5 Skattar

Ef fyrirtækið er ekki sjálfstæður skattaðili skal tekjum fyrirtækisins og eignum skipt milli samlagsaðila í samræmi við samlagssamning og þær skattlagðar með öðrum tekjum og eignum samlagsaðila. Annars er skattafyrirkomulag hið sama og í sameignarfélagi, 36% (Lög um tekjuskatt, 2003).

3 Breyting rekstrarforms

Löggjafinn gerir ráð fyrir því að eigandi fyrirtækis kunni vilja breyta rekstrarformi þess. Þó ekki séu til skýr lagaákvæði um það nema að vissu marki. Við breytingu rekstrarforms er gamla félagið að forminu til selt hinu nýja félagi sem leiðir af sér viss vandræði. Nær óhjákvæmilegt er að söluhagnaður myndist við þessa yfirfærslu sem undir öllum öðrum kringumstæðum væri skattskyld. Hins vegar er kveðið á um skattfrelsi þessa pappírlega hagnaðar í lögum um rekstrarformin. Tiltekið er í tsl. um færslu einstalingsrekstrar í einkahlutafélag og í ehl. og hl. um breytingu einkahlutafélags í hlutafélag og hlutafélags yfir í einkahlutafélag. Hið nýja félag tekur þá yfir eignir og skuldir gamla félagsins án þess að til nokkurrar skattlagningar komi að því gefnu að eigendur fái einungis samsvarandi eignarhlut í „nýju félagi“ en ekki greiðslu. Þá verður að vera tryggt að nýja félagið uppfylli almennar kröfur um breytt rekstrarform, til dæmis varðandi stofnfé og fjölda eigenda. Fylgja þarf tilkynningu um breytt rekstrarform svokallaður stofnefnahagsreikningur, staðfestur af endurskoðanda.

Hægt er að breyta einstaklingsfyrirtæki í einkahlutafélag án þess að yfirfærslan verði skattlögð líkt og um eiginlega sölu væri að ræða. Einkahlutafélag yfirtekur þá eignir og skuldir einstaklingsrekstrarsins og einstaklingurinn hlýtur einungis í staðinn eignarhlut í félaginu. Fylgja þarf reglum um stofnun einkahlutafélags ásamt því að stofnefnahagsreikningur þarfnast staðfestingu endurskoðanda (Lög um tekjuskatt, 2003).

Ef rekstrarfyrirkomulagi félags þar sem eigendur hafa borið ótakmarkaða ábyrgð á öllum skuldum félagsins er breytt yfir í annað rekstrarform þar sem ábyrgð félagsmanna er takmörkuð við hlutafjáreign, skal fara fram skuldauppgjör þar sem félaginu er í raun slitið og allar skuldir innkallaðar með auglýsingu í *Lögbirtingablaði*. Ef skuldauppgjör fer ekki fram, bera eigendur enn sömu ábyrgð á að þær skuldir verði greiddar, þrátt fyrir breytt rekstrarform. Hið sama gildir þó ekki með skuldir sem stofnað er til fyrir hönd hins nýja félags (Þingskjal 79, 2006 – 2007).

4 Bókhald

Mikilvægt er að fyrirtæki skrái niður með kerfisbundnum hætti allar þær inn- og útgreiðslur fjármagns svo að upplýsingar um þær glattist ekki. Með því starfi geta stjórnendur og eigendur fyrirtækja betur tekið ákvarðanir um reksturinn, og skattyfirvöld kannað hvort rétt hafi verið staðið að greiðslu skatta liðinna ára. Lög um bókhald nr. 145/1994 segja í 1.gr. að allir aðilar í atvinnurekstri séu skyldaðir til að halda bókhald og að það skuli haldið tvíhliða. Undanþágu frá tvíhliða bókhaldi hefur fyrirtæki ef hjá því starfar að jafnaði ekki fleiri en einn aðkeyptur aðili og að starfsemin er í ákveðnum atvinnugreinum. Hlutfélögum er hins vegar ávallt skylt að færa tvíhliða bókhald. Eigendur bera ábyrgð á að bókhaldið sé fært eftir lögum og reglum að því gefnu að engin stjórn hafi verið kosin og enginn framkvæmdastjóri ráðinn. Ef stjórn er kosin ber hún ábyrgð á að bókhald sé fært rétt og skilmerkilega og ef framkvæmdastjóri hefur verið ráðinn ber hann ábyrgð á að færa bókhald og stjórnin fer með eftirlit.

5 Frádráttur frá rekstrartekjum

Ólíkt rekstri venjulegs heimilis geta fyrirtæki dregið kostnað frá tekjum sínum og er skattur lagður á það sem stendur eftir. Þó er ekki allur kostnaður frádráttarbær, en almenn skilgreining á frádráttarbærum kostnaði eru þau gjöld, greidd eða áfallin, sem eiga á árinu að ganga til að afla teknanna, tryggja þær og halda þeim við og ekki eru sérstaklega undanskilin í lögum (Lög um tekjuskatt, 2003). Til rekstrarkostnaðar teljast hvorki útgjöld til eignakaupa eða annarra fjárfestinga, né útgjöld til einkaþarfa, nema að því marki sem þau eru talin til tekna sbr. útskýringum í reglugerð nr. 483/1994.

Til rekstrarkostnaðar telst, samkvæmt 31.gr. tsl.:

- a) Kostnaðarverð seldrar vöru er seld hefur verið á árinu. Ákvarðast það á þann hátt að vörubirgðir í ársbyrjun að viðbættu kostnaðarverði aðkeyptrar vöru á árinu að frádregnum vörubirgðum í árslok.
- b) Laun og annar starfsmannatengdur kostnaður.
- c) Viðhald eigna: Til rekstrarkostnaðar telst viðhald á eignum, sem notaðar eru við atvinnurekstur. Endurbætur, stækkun eða breyting á eign sem hefur verið keypt skal ekki talið til viðhalds.
- d) Vaxtagjöld
- e) Ýmis kostnaður: Allur sá kostnaður sem ætlaður er til tekjuöflunar. Gjöld af fasteignum, rekstrarkostnað vegna sumarbústaða og orlofshúsa fyrir starfsmenn, ferðakostnaður í þágu atvinnurekstrar, kostnaður vegna funda, og margt fleira.
- f) Aðrar greinar: Til dæmis fyrningar, tap á kröfum, þjófnaður, ýmsar gjafir, rekstrartap frá fyrri árum.

6 Fyrningar

Fyrirtækjum er heimilt að fyrna flestar eignir og þar með auka rekstrarkostnað sinn og lækka gefinn hagnað án þess að það hafi áhrif á sjóðstreymið. Einu alvarlegu undantekningar frá því eru keyptur réttur til nýtingar á óeyðanlegum náttúruauðlindum, og jarðir. Fyrningartími eigna hefst við byrjun þess rekstrarárs þegar þær eru fyrst nýttar við öflum tekna og á móti er fyrning ekki leyfð á lokaári nýtingar hennar, hvort sem það er vegna sölu hennar eða annarra ástæðna (Lög um tekjuskatt, 2003).

Ekki eiga sömu fyrningarreglur við um allar eignir. Fyrnanlegar eignir skal fyrna af fyrningargrunni með ákveðinni fyrningarprósentu. Hámark og lágmark þeirrar prósentu er ákveðið með lögum. Fyrningargrunnur eignarinnar, þ.e. af hvaða upphæð skal reikna fyrninguna, er mismunandi eftir því um hvers konar eign er að ræða (Lög um tekjuskatt, 2003).

Allar eignir skal fyrna af fyrningargrunni sem ræðst af stofnverði þess, nema þegar um lausafé er að ræða, en þá skal fyrningargrunnur vera stofnverð að frádregnum áður fengnum fyrningum. Stofnverð er kostnaðarverð eignar, það er sá kostnaður sem fallið hefur á fyrirtækið til að koma eigninni til tekjuöflunar. Þar er átt við kaupverð eða framleiðsluverð ásamt öllum þeim kostnaði við endurbætur, breytingum á eign, afslætti, skaðabótum og því sem fallið hefur til við þessa ákveðnu eign. Eignir teljast fullfyrndar þegar eftir stendur 10% af stofnverði þeirra eftir fyrningar (Lög um tekjuskatt, 2003).

6.1 Fyrningarhlutföll

Um einstök fyrningarhlutföll má sjá í 37.gr. tsl. og þar segir:

- a) Skip, skipsbúnaður; loftför og fylgihluti þeirra skal fyrna að lágmarki um 10% og að hámarki 20%.
- b) Verksmiðjuvélar og aðrar iðnaðarvélar að lágmarki 10% og hámarki 30%.
- c) Skrifstofuáhöld; vélar og tæki til jarðvinnslu og mannvirkjagerðar, bifreiðar og önnur flutningatæki, sem og annað lausafé sem ekki fellur undir fyrrnefnd atriði að lágmarki 20% og hámarki 35%.
- d) Mannvirki; eyðanleg náttúruauðæfi (eða réttur til nýtingar þeirra); keyptur eignarréttur að verðmætum hugverkum, einkaleyfum og vörumerkjum; keypt viðskiptavild og keypt ófyrnanleg réttindi, hafa fyrningargrunn sem myndaður er einungis af stofnverði þeirra.

Mannvirki má þó ekki fyrna meir en svo að eftir standi 10% af stofnverði þegar tekið hefur verið tillit til fyrninga.

- e) Íbúðarhúsnæði, skrifstofubyggingar og verslunarbyggingar skal fyrna að lágmarki 1% og hámarki 3%.
- f) Verksmiðjur, verkstæði, vöruheymslur, gistihús, veitingahús, o.fl. sem talið er upp í b-lið 37.gr. skal fyrna að lágmarki um 3% og hámarki 6%.
- g) Aðrar eignir sem taldar eru upp í c-lið 37.gr. skal fyrna að lágmarki 6% og hámarki 8%.
- h) Eyðanlegum náttúruauðæfum skal fyrna miðað við áætlaða heildarnýtingu og raunverulega nýtingu ár hvert.
- i) Keypt hugverk, einkaleyfi og vörumerki skal fyrna að lágmarki 15% og hámarki 20%, eða ef nýtingartími er styttri en fimm ár, fyrna hann í samræmi við nýtingartímenn.
- j) Keypt viðskiptavild skal fyrna um að lágmarki 10% og hámarki 20%.

Eignir sem kosta undir 250 þúsund kr. má gjaldfæra að fullu á kaupári, en að sama skapi verður að tekjufæra fullt söluverð á söluári, samkvæmt 39.gr. tsl.

7 Söluhagnaður hlutabréfa

Samkvæmt tsl. er hagnaður af sölu hlutabréfa talinn að fullu til skattskyldra tekna á söluári og skeytir engu hve lengi söluaðili hefur átt hin seldu hlutabréf. Tekjufærsla söluhagnaðar breyttist með lögum nr. 38/2008. Í tsl. var möguleiki á að fresta söluhagnaðinum um tvenn áramót ef ætlunin var að fjárfesta í nýjum hlutabréfum. Við kaupin mátti svo niðurfæra söluhagnaðinn frá kaupverði nýju hlutabréfanna og fresta þannig skattlagningu söluhagnaðarins. Þá sögðu lögin jafnframt að yfirfæranlegt skattalegt tap þurfi að vera fullnýtt svo að heimilt sé að notfæra þessar frádráttarheimildir.

Höfðu þessar breytingar nokkuð neikvæð áhrif á sameignarfélög og samlagsfélög, en fram að lagabreytingu höfðu þau félagaform einnig heimild til samskonar frestunar. Þau greiði því 36% tekjuskatt af söluhagnaði hlutabréfa strax og henta því illa sem eignarhaldsfélög. Með uppfærðum tsl. var ætlunin að ógilda fyrrgreint frestunarákvæði og var það liður í því að einfalda skattkerfið. Þá var um það rætt að skatttekjur ríkissjóðs væru hverfandi vegna þessara heimilda sem fyrirtæki nýttu sér í miklu mæli.

7.1 Söluhagnaður: 10% reglan

Með setningu laga nr. 128/2009 var gerð ríkari krafa um eignarhald félaga til þess að söluhagnaður gæti flokkast sem frádráttarbær kostnaður. Samkvæmt 7.gr. þessara laga þurfti aðili að hafa átt í það minnsta 10% í seldum lögaðila til þess að mega draga söluhagnað af þeim eignarhlut frá tekjum sínum. Voru þessar reglur mjög umdeildar á sínum tíma og eru líkur á því að eignarhald félaga yrði einsleitara og erfiðara væri um vik að leita fjármagns. Erfiðara yrði að afla nýs hlutafjár þar sem fjárfestar sem ættu minna en 10% hefðu þurft að gera hærri ávöxtunarkröfu á fjárfestingu sína og leiddi til þess að fjárfestar myndu jafnvel frekar lána félögum en kaupa eignarhlut sökum frádráttarbærni vaxtatekna og betri stöðu ef til gjaldþrots „fjárfestingarinnar“ kæmi (Hólmfríður Kristjánsdóttir, 2011). Um mitt árið 2011 var þessu ákvæði eytt með lögum nr. 73/2011. Er því söluhagnaður hlutabréfa í eigu einkahlutafélaga og hlutafélaga að fullu frádráttarbær óháð eignarhlut frá og með 1. janúar síðastliðnum.

8 Arður

Hið einfaldasta og eðlilegasta form arðgreiðslu á sér stað sem peningagreiðsla frá hlutareign til hlutareiganda. Þar fyrir utan getur arður jafnframt verið í formi annarra fjárhagslegra verðmæta, hvort þá sem er án endurgjalds eða með afslætti (Ingvar Sverrisson, 1994). Í 11.gr. tsl. sem fjallar um skattskyldan arð, segir að sérhverjar tekjur sem eigandi fær af eign sinni beri að skattleggja sem arð. Þá ef að eigandi sem jafnframt er starfsmaður í félagi úthlutar sér arði án þess að heimild sé fyrir því skuli hann skattlagður sem almennar tekjur.

Svo að arður geti talist arður í merkingu laganna verður hann að fela í sér ákveðna yfirfærslu á eign félagsins til eiganda félagsins sjálfs og með því að sjóðir fyrirtækisins minnki eða eignum þess fækki. Þannig á móti stækki efnahagur hlutareiganda í sama hlutfalli. Arðshugtakið tekur því á öllum þeim hugsanlegu úthlutunum eiganda hvort sem þær eru hefðbundnar eða óhefðbundnar með einhvers lags úthlutun verðmæta (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

8.1 Skattaleg meðhöndlun arðs

8.1.1 Einstaklingsrekstur

Hagnaður af sjálfstæðum atvinnurekstri einstaklinga er aðeins skattlagður einu sinni. Greiddur er af honum almennur launaskattur. Leysi eigandi út eftirstöðvar hagnaðara, þegar að skattar hafa verið greiddir, þarf hann ekki að greiða neinn viðbótarskatt af honum. Ekkert er því til fyrirstöðu að aðili taki hagnaðinn til einkanota jafnóðum og hann myndast. Einstaklingi eru því ekki setjar miklar skorður hvað það varðar (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

8.1.2 Einkahlutafélög og hlutafélög

Í XII. kafla ehl./hl. kemur fram að úthlutun á arði sé einungis heimil samkvæmt samþykktum ársreikningi síðasta reikningsárs, yfirfærðum hagnaði frá fyrri árum og frjálsum sjóðum. Með frjálsum sjóðum er átt við að búið verði að draga frá það tap sem ekki hefur verið jafnað, það er eyða öllu því yfirfærða skattalega tapi sem hafi safnast í gegnum árin, en heimild er samkvæmt 31.gr. tsl. að draga tap síðastliðinna tíu ára frá hagnaði svo að lækka megi greiddan tekjuskatt. Þá skal ákveðnum hluta hagnaðar fyrirtækja samkvæmt 75.gr. ehl. (100.gr. í hl.) eða samkvæmt samþykktum félagsins lagður í varasjóð. Arðsúthlutun má ekki koma í veg fyrir þær greiðslur, og einnig verður að standa eftir nægt fjármagn til greiðslu áætlaðra skatta til ríkis og sveitarfélaga.

Einungis eftir þessar ráðstafanir standa svokallaðir „frjálsir sjóðir“ (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

Arðsúthlutunin sjálf er ákveðin á hluthafafundum, en þar á félagsstjórn að leggja fram tillögu að ráðstöfun hagnaðarins. Ákvörðun félagsstjórnar er bindandi og því ekki leyfilegt að úthluta meiri arði en hún leggur til. Veruleg takmörk eru á því hvernig hluthafar geta ráðstafað fjármunum félagsins en fjallað er um það í 76.gr ehl. (101.gr. í hl.). Þá geta hluthafar sem eiga að lágmarki einn tíunda hlutfjár farið fram á það á aðalfundi að úthlutað sé allt að fjórðungi hagnaðar þess árs, að því gefnu að frjálsir sjóðir félagsins standi undir því (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

8.1.3 Sameignarfélag og samlagsfélög

Tekjur sem falla í skaut sameignar- og samlagsfélaga eru alla jafna skattlagðar eins í þeirri merkingu að ekki er litið á hvers konar tekjur er um að ræða. Frá þessari reglu er þó eitt frávik, en hlotnist sameignar- eða samlagsfélagi arður af hlutum eða hlutabréfum í hlutafélögum og einkahlutafélögum ber að skattleggja hann með 20% skatti samkvæmt 3.mgr. 71.gr. tsl. Þetta er gert til þess að heildarskattlagning þessara tekna sé ekki meiri en 36% og á einungis við ef umrætt félag er sjálfstæður skattaðili. Sé félagið ekki sjálfstæður skattaðili er arður skattlagður sem atvinnurekstrartekjur og eftir þeim reglum er gilda um viðkomandi rekstrarform eða einstaklinga (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

Ólíkt því sem gengur og gerist með einkahlutafélög og hlutafélög er hagnaður af rekstri þeirra einungis skattlagður einu sinni. Úthluti þátttakendur sér hagnaði félagsins er engin skattskylda á honum. Segja má að sameignar- og samlagsfélagiformið sé því langtum liðlegra félagsform en einkahlutafélaga- og hlutafélagaformið enda geti félagsmenn nánast umgengist sjóði félagsins sem sína einkabankareikninga (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

8.2 Nýlegar lagabreytingar um arð

Árið 2009 kom fram ný, róttæk breyting á tsl. með lögum nr. 128/2009. Í 3.gr. þeirra segir að aðilum sem skylt er að reikna sér endurgjald vegna starfa við eigin rekstur verða að greiða af heimiluðum, úthlutuðum arði venjulegan launatekjuskatt af öðrum helmingi fjárhæðarinnar að því marki sem arður er greiddur umfram 20% bókfærðs eigin fjár, en fjármagnstekjuskatt af afgangi. Þó greiðslan myndi „launaskatt“, er hún ekki frádráttarbær einsog um laun sé að ræða, og myndar hún ekki stofn til tryggingagjalds eða lífeyrissjóðsgreiðslna.

Um skattlagningu einkahlutafélaga og hlutafélaga hefur hátturinn verið sá að þeim sé hyglað með lágum tekjuskatti, en á endanum greiði einstaklingurinn sem hlutinn á í félaginu fjármagnstekjuskatt af arðinum. Sameignar- og samlagsfélög greiða því hærri tekjuskatt, en enginn fjármagnstekjuskattur er lagður á þær greiðslur sem á endanum komi til eigendanna. Þannig sé skattur sem lagður er á tekjur fyrirtækja, sá sami á nær öll rekstrarform þegar á endann sé litið.

Nú er staðan önnur enda á eigandi hlutar í einkahlutafélagi eða hlutafélagi að gjalda fyrir það rekstrarform sem við stofnun var valið. Í eftirfarandi mynd sjáum við áhrifin af þessum breytingum. Í því dæmi gefum við okkur að bókfært eigið fé einkahlutafélagsins / hlutafélagsins sé eftir árið 1.500.000 kr., hagnaður allur greiddur út og að hlutareigendum skylt er að reikna sér endurgjald:

Fyrir lagabreytingar			
Einkahlutafélög / hlutafélög		Sameignarfélög / samlagsfélög	
Hagnaður	1.000.000 kr.	Hagnaður	1.000.000 kr.
Tekjuskattur (20%)	200.000 kr.	Tekjuskattur (36%)	360.000 kr.
Útgreiðsla til hluthafa (arður)	800.000 kr.	Útgreiðsla til félagsmanna	640.000
Fjármagnstekjuskattur (20%)	160.000 kr.	Fjármagnstekjuskattur (0%)	0
Fjármagn til hluthafa:	640.000 kr.	Fjármagn til félagsmanna:	640.000 kr.
Heildarskattur:	36%	Heildarskattur:	36%

Eftir lagabreytingar			
Einkahlutafélög / hlutafélög		Sameignarfélög / samlagsfélög	
Hagnaður	1.000.000 kr.	Hagnaður	1.000.000 kr.
Tekjuskattur (20%)	200.000 kr.	Tekjuskattur (36%)	360.000 kr.
Útgreiðsla til hluthafa (arður)	800.000 kr.	Útgreiðsla til félagsmanna	640.000
Fjármagnstekjuskattur á það sem nemur 20% eigin fjár (20%)	60.000 kr.	Fjármagnstekjuskattur (0%)	0
Fjármagnstekjuskattur af helmingi þess sem er umfram 20% eigin fjár (20%)	50.000 kr.	Fjármagn til félagsmanna:	640.000 kr.
Tekjuskattur (í miðþrepi) og útsvar ¹ af helmingi þess sem er umfram 20% eigin fjár (40,24%)	100.600 kr.		
Heildarskattur:	41,06%	Heildarskattur:	36%

Þetta dæmi gefur okkur auðvitað bara sýn á eina mynd þessara reglna, en til samanburðar þá væri heildarskattlagning þessa tiltekna einkahlutafélags / hlutafélags með nýju lögunum 38% ef bókfært eigið fé væri 3.000.000 kr. og færi niður í 36% þegar bókfært eigið fé væri yfir 4.000.000 kr. enda á reglan ekki við þegar arður nemur minna en 20% bókfærðs eigin fjár. Leiðir þetta af sér að ef tveir aðilar sem eiga einkahlutafélag í sameiningu og annar þeirra er skyldaður til að reikna sér endurgjald, mun hann þurfa að greiða til hins opinbera hærra hlutfall af

¹ Hér er tekið mið af vegnu meðaltali útsvarsprósenta samkvæmt Sambandi íslenskra sveitarfélaga sem er 14,44%

úthlutuðum arði, jafnvel þótt þeir séu um annað í alfarið sömu aðstæðum (Lög um tekjuskatt, 2003).

Önnur viðbót við þessar reglur var breyting þeirrar venju að lögaðilum og einstaklingum í atvinnurekstri væri heimilt að draga frá tekjum móttækinn arð svo að þessar arðstekjur yrðu ekki margskattlagðar þó þær færu í gegnum röð fyrirtækja með setningu lag nr. 128/2009. Við gildistöku þessa laga yrði einungis þeim leyfilegt að draga frá arðstekjur sem ættu 10% hlut í þeim lögaðila sem greiddi arðinn og þar að auki einungis ef tap fyrri ára hefði verið jafnað. Þessum umdeildu ákvæðum hefur þó aftur verið breytt til fyrri vegar með lögum nr. 73/2011.

8.3 Dulinn arður

Þegar í daglegu tali er rætt um arð er vanalega átt við að einhver greiðsla eigi sér stað, sem stafi af hlutareign hluthafa og teljist því til tekna samkvæmt 11.gr. tsl. sem arður. Hins vegar kann sumum að vaxa í augum krafa skattyfirvalda um sinn skerf. Til þess að komast hjá því kunna sumir að fara krókaleiðir. Slík arðgreiðsla sem færð er framhjá skattyfirvöldum er stundum kölluð dulinn arður. Ásmundur G. Vilhjálmsson lýsir honum sem svo:

[...] reynt sé að fela raunverulegt innihald yfirfærslunnar með því að gefa henni annað heiti, svo að félagið geti dregið greiðsluna frá tekjum sem rekstrarkostnað eða hluthafi undanþegið hana skatti, nema hvort tveggja sé. Vegna þessa er oft sagt að dulinn arður feli í sér tvenns konar samninga, annars vegar raunverulegan samning, sem að hluta eða öllu leyti feli í sér endurgjaldslausu afhendingu á verðmæti frá hlutafélagi til hluthafa, og hins vegar gervisamning, sem gerður sé til að dylja raunverulega samninginn og felist venjulega í ráðningu, sölu eða leigu.

Almennt borgar það sig ekki lengur fyrir hluthafa, sem áður var algengt þegar skattlagning arðs var 30%, að taka út arð sem laun – þó svo að launatekjur séu frádráttabærar í rekstri. Síðan þá hefur dæmið eflaust snúið við og algengt orðið að laun séu tekin út sem arður enda alkunna sögur af efnamiklu fólki sem greiddu ríflegan fjármagnstekjuskatt af arðstekjum en á sama tíma lítinn sem engan tekjuskatt eða útsvar (Lúðvík Þráinsson, munnleg heimild, 3. maí 2012). Allar greiðslur félags á einkakostnaði hluthafa eiga að vera skattlagðar hjá viðkomandi og mega þær ekki vera dregnar frá tekjum fyrirtækisins eins og aðrir frádráttabærir útgjaldaliðir. Þannig mætti

í raun flokka dulinn arð, þar sem hluthafi reynir að komast hjá tvískattlagningu með því að dylja úthlutunina sem frádráttarbæran rekstrarkostnað eða óskattskyldar tekjur hjá hluthafa (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

Þegar um dulinn arð ræðir kemur upp samskonar vandamál og þegar yfirlýsing tekna milli tengdra aðila á sér stað. Þá er átt við skattfrjálsa yfirlýsingu. Dæmi um þetta eru félög í samstæðu og aðilar innan sömu fjölskyldu. Oft getur verið erfitt og flókið fyrir skattfyrirvöld að koma í veg fyrir eða leiðrétta slíka gjörninga þar sem þetta helgast oft af meirihlutavaldi hluthafa sem gerir þeim kleift að ákvarða færslur á eignum frá félagi til sín, eins og þeim best hentar hverju sinni (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

8.3.1 Gerðir dulins arðs

- a) Greiðslur einkahlutafélags á einkakostnaði hluthafa:
 - i. Ferðakostnaður
 - ii. Endurmenntun og námskeið sem ekki eru vinnutengd
 - iii. Risna og gjafir
 - iv. Afnot af íbúðarhúsnæði
- b) Aðrar aðferðir
 - i. Yfirlýsing eigna á milli hluthafa og hlutafélags
 - ii. Óheimil hluthafalán, vaxtalaus hluthafalán, vaxtahá hlutafélagslán
 - iii. Kaup eigna á of háu verði / sala eigna á of lágu verði


8.3.1.1 Heimildir skattfyrivalda

Komi á daginn að yfirlýsing á verðmætum eða greiðslur frá fyrirtæki til hlutareiganda hafi átt sér stað án þess að lögboðinn skattur hafi verið greiddur, ber að gera leiðréttingu. Allt eftir því hvernig sú yfirlýsing hefur átt sér stað, getur henni fylgt hækkun á töldum tekjum félagsins, hlutareiganda eða hvoru tveggja. Gera skal leiðréttingu samkvæmt markaðsverðmæti hlutar eða greiðslu á þeim tíma sem yfirlýsingin átti sér stað. Heimild þessa hafa skattfyrirvöld úr 11.gr. tsl. en þar segir að til tekna arðs af hlutum og hlutabréfum í félögum, sem um ræðir í 1.tölul. 1.mgr. 2.gr. telst auk venjulegrar arðgreiðslu sérhver afhending verðmæta til hlutareiganda með takmarkaða eða ótakmarkaða ábyrgð eða hluthafa er telja verður sem tekjur af hlutareign þeirra í félaginu. Ef svo færi að félag yrði uppvíst að því að greiða dulinn arð til hluthafa, skal endurákvarða skatta þess samkvæmt 96.gr. tsl. eftir tilvikum með 15% eða 25% álagi á leiðrétta tekju-

skattsstofna, sbr. 108.gr. tsl. Eru skattar hlutareigandi einnig endurákvarðaðir með 15% til 25% álagi samkvæmt sömu lögum og getur heildarálagið því farið í 30% til 50% (Ásmundur G. Vilhjálmsson, 2003).

8.4 Arðgreiðslur á liðnum árum

Frá efnahagshruninu árið 2008 hafa tekjur hins opinbera af skatti á fjármagnstekjur minnkað verulega, en inni í þeim eru skattar á arðgreiðslur fyrirtækja (Hagstofa Íslands, 2011). Helst þessi geigvænlega lækkun í hendur við almennar aðstæður fyrirtækja og umhverfið sem þau starfa í.



Mynd 1: Fjármagnstekjuskattur í milljónum króna. Fast verðlag ársins 2010.

Spyrja verður hvað veldur því hvers vegna tekjur ríkissjóðs af fjármagnstekjuskatti hafa minnkað. Könnun á vegum *National Tax Journal* í Bandaríkjunum leiddi í ljós að fjármagnstekjuskattur hefur ekki mikla vigt þegar kemur að því að ákvarða arðgreiðslustefnu fyrirtækis. Vakti það athygli að einungis 18% þátttakenda nefndu skatta þegar spurt var um ákvarðandi þætti við útgreiðslu arðs. Það sem standi mun fremur þar að baki er geirinn sem fyrirtækið starfar í, sem og stöðugleiki þess og ímynd. Þannig er meðalhluftfall arðgreiðslna af hagnaði hrávöruframleiðslufyrirtækja mun hærra en smásölufyrirtækja. Leiða má þó líkum að það þetta eigi fremur við um stærri fyrirtæki en minni (Abrutyn, S. og Turner, R. W., 1990).

8.5 Lögaðilar á lágskattasvæði (CFC)

Með lagasetningu nr. 46/2009 (hér eftir CFC lög) innleiddi Alþingi reglur er varða skattlagningu einstaklinga og félaga vegna erlends eignarhalds á lágskattasvæðum. Í 1.mgr. 57.gr. laganna segir að ríki eða lögsagnarumdæmi teljist lágskattasvæði þegar tekjuskattur af hagnaði félags, sjóðs eða stofnunar sem um ræðir er lægra en tveir þriðju hlutar af álögðum tekjuskatti hefði heimilisfesti verið á Íslandi. Þar segir enn fremur að ef skattaðili eigi beint eða óbeint hlut í hvers kyns félagi sem á aðsetur sitt í lágskattaríki, skuli greiða tekjuskatt af hagnaði slíkra aðila í hlutfalli við eignarhlut án tillits til arðstekna frá því félagi. Þetta á við þegar íslenskur skattaðili á sem nemur að lágmarki helming í erlenda aðilanum eða þegar stjórnunarleg yferráð hafa verið til staðar innan tekjuárs, sbr. 1.mgr. 57.gr. laganna. Með þessu er verið að reyna að reyna að ná fram ákveðnu jafnræði svo að slíkir aðilar komist ekki hjá því að greiða skatta hér á landi með flutningi fjármagns til lágskattaríkis.

Ákvæðin hér að ofan víkja frá ef tvísköttunarsamingur hefur verið gerður við viðkomandi ríki. Því til grundvallar verða að liggja fyrir helstu upplýsingar er varða tekjur og eru ekki að meginstofni eignatekjur eða samkvæmt sömu lögum ef félagið er skráð í öðru EES-ríki og hefur þar með höndum raunverulega atvinnustarfsemi og íslensk stjórnvöld geta á grundvelli tvísköttunarsamnings eða annars alþjóðasamnings krafist allra nauðsynlegra upplýsinga.

Til þess að erlönd félög njóti sömu skilyrða er varðar arðsfrádrátt og íslensk félög samkvæmt reglugerð nr. 297/2003 skulu þau samkvæmt 2.mgr. sýna fram á að hagnaður hins erlenda félags hafi verið skattlagður með sambærilegum hætti og gert væri hér á landi.

Skilyrði þess eru talin í fyrrgreindri reglugerð:

- a) Það skatthlutfall sem lagt er á hagnað erlends félags skal eigi vera lægra en almennt skatthlutfall í einhverju aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París (OECD), hvort sem skatturinn rennur til ríkis, fylkis eða sveitarfélags.
- b) Hagnaður félagsins skal hafa verið skattlagður í heimilisfestisríki þess með tekjuskatti en ekki einvörðungu lögð á félagið tiltekin gjöld sem taka ekki mið af tekjum þess.
- c) Skattareglur heimilisfestisríkis félagsins heimili eigi frádrátt frá tekjum vegna útgreidds arðs.
- d) Hagnaður, sem skattstofn, hjá erlenda félaginu hafi verið ákvarðaður á grundvelli sömu megin sjónarmiða og liggja að baki ákvörðun hagnaðar samkvæmt lögum um tekjuskatt og eignarskatt nr. 75/1981.

Það virðist sem svo að megintilgangur með setningu CFC laganna hafi verið að ná fram ákveðnu jafnræði eða fyrirbyggja að íslenskir aðilar komist ekki upp með að borga lítinn eða engan skatt af erlendum tekjum sínum. En til ókosta má nefna að löggin takmarka fjárfestinga-tækifæri íslenskra aðila í skilgreindum lágs-kattarríkjum. Enn fremur takmarkar það möguleika íslenskra fyrirtækja til að taka þátt í verkefnum og fjárfestingum með erlendum aðilum sem kunna að kjósa sér að nýta lágs-kattarríki til þeirra verkefna. Hafa bandarísk stjórnvöld heimilað fyrirtækjum að stofna „gagnsæ“ félög á Cayman eyjum og nýta sér skattalegs hagræðis þess. Reglurnar auka einnig flækjustig en koma ekki í veg fyrir undanskot, en CFC löggin ná ekki til þeirra Íslendinga sem eru skráðir erlendis. Sem dæmi getur félag í lágs-kattarríki verið 49% í eigu íslenskra skattaðila og 51% í eigu íslenskra aðila sem eru ekki skattskyldir hér á landi. Einnig virðist því fylgja hrein mismunun að íslenskir aðilar geta ekki nýtt tap í félagi í lágs-kattarríki til frádráttar innan sömu samstæðu nema að uppfylltum mjög þröngum skilyrðum (Hólmfríður Kristjánsdóttir, 2011).

9 Stefnumótun um skattahagræði

Framsækin fyrirtæki eiga það sammerkt að verja tíma og fjármagni í að haga fjármálastjórnun sinni vel. Þau hafa áttað sig á þeirri miklu auðlind sem getur verið fólgin í raunverulegri skipulagningu og stefnumótun á sviði skattamála. Mikilvægt er að huga að því fyrirfram hvernig fjármagnshreyfingar inn og út úr fyrirtækinu hafa áhrif á hinn endanlega skattreikning, því erfitt er að breyta orðnum hlut þegar um skattyfirvöld er að ræða. Því ætti ekki að beina minni sjónum að skattaþættinum en öðrum upplýsingum varðandi fjárfestingar, og ætti hann að vera jafngildur hluti af stefnumótun fyrirtækisins (Evans, 1999).

Skattasvið fyrirtækja, sem í íslenskum fyrirtækjum er oftast en ekki einungis fjármálastjórinn, starfar innan fyrirfram gefins ramma sem erfitt er að umturna. En þrátt fyrir það ættu skýr skattaleg markmið að vera sett í stefnumótunavinnu fyrirtækisins þó að þau kunni að koma eftir að ákveðinn rammi hafi verið settur. Þessi markmið geta annars vegar verið kostnaðarminnkandi og hins vegar virðisaukandi, en einsog önnur markmið þurfa þau að vera mælanleg og raunhæf (Dell'Anna og Staubli, 2008).

Þegar búið er að semja stefnu í skattamálum er nauðsynlegt að kanna hvort hún falli að þeim ramma sem umlykur fyrirtækið; hvort sem er frá sjónarhóli laga og reglna eða ákveðinna fjárfestinga sem fyrirtækið hefur þegar farið í og ekki er raunhæft að breyta. Mikilvægt er að sjá til þess að skattastefnan stangist ekki á við grunngildi fyrirtækisins, svo sem fyrirtækjamenningu, uppbyggingu fyrirtækisins, viðhorf og getu starfsmanna og fleira þess háttar. Þegar búið er að fylgja þessum atriðum eftir er hægt að kynna hana fyrir stjórnendum og starfsmönnum fyrirtækisins, auk annara sem því tengjast (Dell'Anna og Staubli, 2008).

10 Virkt skatthlutfall og stærðarhagkvæmni

Með virka skatthlutfallinu er borinn saman áætlaður greiddur skattur við allar skattbærar tekjur. Ennfremur segir það til um skilvirkni fyrirtækis og getu þess að lækka allan áætlaðan greiddan skatt gagnvart öllum skattbærum tekjum. Þannig endurspeglar virka skatthlutfallið heildarskattbyrði allrar fyrirtækjasamsteypunnar (Rego, 2003).

Alþjóðleg stórfyrirtæki ná fram skattalegri lágmarkun með því að hafa starfsstöðvar á lágskattasvæðum, og nýta sér þannig á hagkvæmam hátt mismunandi skattalög á milli landa. Levenson (1999) segir að með ýmsum aðferðum sé hægt að lækka virka skatthlutfallið hjá fyrirtækjum úr hinum venjulegu 35 – 40% (fyrirtækjaskattur í Bandaríkjunum er 35 – 40% eftir fylkjum; á Íslandi 20 – 36%) niður í allt að 10%. Þessi lækkun skattprósentu skilar sér beint til hluthafa sem svo á móti gerir fyrirtæki ákjósanlegri í augum fjárfesta. Gögn sýna fram á það að fyrirtæki með lægra virkt skatthlutfall en meðaltal samanburðarfyrirtækja eru almennt með herra V/H hlutfall (Levenson, 1999).

Markaðurinn lítur svo á að fyrirtæki sem eru með lágt virkt skatthlutfall séu almennt færari í að stýra kostnaði hjá sér en fyrirtæki með hátt virkt skatthlutfall. Þá getur lækkun virks skatthlutfalls haft mjög svo jákvæðar afleiðingar fyrir tekjuflæði þeirra fyrirtækja eitt ár fram í tímann. Enda meira fjármagn sem stendur eftir til frekari fjárfestinga. Þannig er virkt skatthlutfall góður mælikvarði á frammistöðu fyrirtækis fyrir marga mismunandi hagsmunaaðila (Abarbanell og Bushee, 1998).

Lykillinn til þess að ná niður virka skatthlutfallinu er stærðarhagkvæmni. Þannig hafa stór alþjóðleg fyrirtæki með háa rekstrarafkomu fyrir skatta meiri hvata og aðföng til þess að lágmarka virka skatthlutfallið. Ýmsar leiðir eru þeim færar en þau notast oftast erlend félög til þess að komast hjá skattlagningu í heimalandinu. Þannig færa þau tekjur sínar frá háskattasvæðum yfir á láskattasvæði og borga þannig lægri heildarskatta. Stærri fyrirtæki stunda meiri viðskipti og taka þátt í fleiri fjármálagjörninum sem veitir þeim fleiri tækifæri til þess að komast hjá tekju-skatti (Rego, 2003)

Sem dæmi geta þau stundað viðskipti á milli deilda (e. intercompany transactions), notast við skattalega hagkvæma leigusamninga (e. tax advantage leasing), stuðst við flókna fjárhagslegri skipan og uppbyggt fjármagnsflæði á milli félaga (e. entities and partnerships) og fasteignasjóða (e. real estate investment trusts). Með þessu móti tekst þeim að nýta sér hin ýmsu úrræði til þess að lágmarka virka skatthlutfallið. Á hinn veginn fylgir þessu pólitískur kostnaður


þar sem að stærri fyrirtæki eru meira undir smásjá stjórnvalda og fjölmiðla. Af þeim sökum kjósa allra stærstu fyrirtækin að borga aðeins meira í skatta til þess að losna við slæmt umtal og rannsóknir á skattamálum sínum (Rego, 2003).


11 Tegundir rekstrar og félagiformin

Áður en lögjafinn myndaði einkahlutafélagiformið árið 1994 voru langtum flest fyrirtæki stofnuð á Íslandi sem hlutafélög eða sameignarfélög, og þá jafnan stærri fyrirtæki hlutafélög en minni sameignarfélög. Einkahlutafélagið kom, sá og sigraði, og síðan þá hefur það nánast verið regla að nýtt fyrirtæki sé stofnað sem einkahlutafélag. Svo sjálfgefið að eflaust hafa margir ekki velt því mikið fyrir sér hvort reksturinn og persónulegar þarfir viðkomandi félli ef til vill ekki betur að formi sameignarfélags, samlagsfélags eða jafnvel einstaklingsfyrirtækis svo dæmi séu tekin. Nú hefur reyndar orðið einhver viðsnúningur að þessu leyti sem sést í mikilli fjölgun samlagsfélaga, en líkur benda til að það stafi helst af aukinni skattheimtu arðs á einkahlutafélög (Hagstofa Íslands, 2012).

Þegar rýnt er í hvers konar fyrirtæki velja sér hvaða rekstrarform sést hve ríkjandi einkahlutafélagið er:

■ Einkahlutafélag ■ Einstaklingsfyrirtæki ■ Hlutafélag ■ Sameignarfélag ■ Samlagsfélag ■ Samlagshlutafélag





Mynd 2: Rekstrarform eftir tegundum fyrirtækja.

Alls staðar er einkahlutafélagið vinsælast, því næst einstaklingsreksturinn nema hjá fjármálafyrirtækjum, en hlutafélög eru þar mikið ríkjandi, líklegast sökum áhættunnar sem fylgir slíkum rekstri og þess mikla fjármagns sem rekstur fjármálafyrirtækis krefst. Athygli vekur hve sjaldgæft er að sjá sameignarfélögin og samlagsfélögin.

Það liggur í eðli rekstrarins og hvað eigendur hans ætlast fyrir með honum, hvaða rekstrarform hentar best þeirra þörfum. Í dag eru yfir 60% allra fyrirtækja starfrækt sem einkahlutafélög. Ef ætlunin með rekstrinum er að safna upp fjármagni, byggja upp fyrirtækið og stækka það með fjárfestingum, liggur beint við að einkahlutafélög séu besti kosturinn. En ef ætlunin er rekstur fyrirtækis án þess að haldið sé í miklar fjárfestingar, getur verið að form samlagsfélagsins henti betur. Þá nýtur samlagsfélagið þess einnig að færri reglur eru um formfestu varðandi hvenær


útgreiðslur fjármagns til eigenda skuli eiga sér stað og hvort þröskuldar séu á því er varðar bundna sjóði. Þá eru nýjar arðsreglur til þess fallnar að gera samlagsfélagið fýsilegri kost vegna aukinnar skattbyrði.

Það er sá eðlismunur sem skilur á milli; hvort að hlutareigandi ætli að skilja fjármagn eftir inni í rekstrinum til frekari fjárfestinga. Fyrirkomulag einkahlutafélaga / hlutafélaga um 20% tekjuskatt og 20% fjármagnstekjuskatt á arð

getur þannig skilið langt á milli, samanborið við sameignarfélög / samlagsfélög með 36% tekjuskatt strax og nær algjöru frelsi fjármagns til eigenda. Þá getur hin takmarkaða ábyrgð hlutar-eigenda einnig skipt sköpum, þó eins og sýnt hefur verið fram á er hægt að komast framhjá þeirri reglu í samlagsfélögum.

Skoða þyrfti því hversu áhættusamur reksturinn er. Dr. Bruce Kirchoff sem var prófessor við frumkvöðladeild New Jersey Tækniháskólans (e. New Jersey Institute of Technology) rannsakaði stofnun og rekstur fyrirtækja þar í landi um árabil. Hann segir að allt að fjögur af hverjum fimm nýstofnuðum fyrirtækjum verði gjaldþrota innan fimm ára. Því er um margt að varast þegar kemur að fyrirtækjarekstri.

Fyrirtæki starfandi í þjónustugeiranum, alla jafna, ráða til sín starfsfólk sem innir þjónustu af hendi sem er svo söluvaran sjálf. Því væri hægt að færa rök fyrir því að hlutfall sameignar- og samlagsfélaga ætti að vera hærra meðal þjónustufyrirtækja. Fjárfestingar og áhætta slíkra fyrirtækja ættu því að vera miklu mun minni en hjá verktökum og framleiðslufyrirtækjum, þar sem líkur eru á að tækjakostur þurfi að vera umtalsverður; og fjármálafyrirtækjum þar sem sýslað er með háar fjárhæðir. Á þeim vettvangi er takmörkuð ábyrgð eigenda nauðsynleg.



Mynd 3: Hlutfall fyrirtækja eftir rekstrarformi á Íslandi.

12 Lokaorð

Þó svo að mannkynið geti sýnt eiginleika eins og samúð og samkennd, væntumþykju og umhyggju er það því í blóð borið að hugsa fyrst og fremst um eigin hag. Þetta er hið mannlega eðli sem að einhverju leyti drífur fólk áfram í daglegu lífi. Það eru nú einu sinni manneskjur sem stýra fyrirtækjum og taka ákvarðanir er varða hag þess. Að því leyti er það skylda stjórnenda fyrirtækja að hámarka arðsemi hluthafa sinna og leita ítrustu leiða til þess. Getur það verið vandkvæðum bundið að velja rétta félagaformið undir reksturinn og jafnvel gæti ein samsteypa nýtt sér mörg mismunandi félagaform utan um rekstrareiningar sínar.

Augljósasti munurinn á félagaforum liggur í eðli ábyrgðarinnar gagnvart eigendum þeirra. Þannig eru einkahlutafélög / hlutafélög með takmarkaða ábyrgð eigenda sem bindst við innborgað hlutafé, á meðan sameignarfélög eru með óskilyrta ábyrgð eigenda, en samlagsfélög hvoru tveggja. Er það helst af þeim eðlismun sem líta ber til þegar ákveðið er félagaform utan um nýjan rekstur. Sumir atvinnuvegir eru áhættusamari en aðrir og því þurfa eigendur að kunna skil á þeim kvöðum er á þeim muni hvíla vegna starfseminnar. Liggur því í augum uppi að sameignarfélag væri ekki hentugt til áhættureksturs.

Undanfarin ár eða frá hruni fjármálakerfisins hafa verið innleidd ný lög og reglugerðir, misvel heppnaðar að mati sérfræðinga og hafa sumar þeirra þótt ansi róttækar og hamlandi fyrir fyrirtæki. Með nýjum lögum og reglugerðum hefur orðið vitundarvakning á samlagsfélagaforminu sem hefur verið til svo áratugum skiptir en notið lítilla almennrar hylli. Hafa vinsældir þess aukist til muna, en áður fyrr voru nær öll ný fyrirtæki stofnuð sem einkahlutafélög. Samlagsfélagið hentar mjög vel til reksturs lítilla fyrirtækja með litlar eignir, einsog fyrirtæki í þjónustu- eða ráðgjafastarfsemi.

Lög nr. 128/2009 komu inn eins og þruma úr heiðskýru lofti og umturnuðu því sem menn áður töldu meitlað í steininn. En 3.gr. þeirra laga fjallar um aukna skattbyrði þeirra eigenda einkahlutafélaga / hlutafélaga sem skylt er að reikna sér endurgjald. Í kjölfar þeirra fjölgaði nýskráningum samlagsfélaga um rúm 650% árið 2010.

Hefur það verið yfirlýst markmið stjórnvalda að einfalda skattkerfið í heild og koma í veg fyrir ýmis konar undanþáguheimildir í lögum, en um það má hins vegar deila hvort að nýlegar lagasetningar þjóni þeim tilgangi. Fjallað hefur verið um setningu laga nr. 38/2008 um breytingu ákvæða tsl. um söluhagnað hlutabréfa (sem felld voru úr gildi í fyrra), 128/2009 sem fjalla meðal annars um úthlutun arðs og lágmarkseignaraðild vegna frádráttabærni söluhagnaðar hlutabréfa

(sem einnig var fellt úr gildi í fyrra) og móttækis arðs, og reglugerðar nr. 297/2003 um CFC félög. Sú reglugerð ásamt gjaldeyrishöftunum hefur torvelað íslenskum fyrirtækjum að fjárfesta í lágs kattaríkjum. Í lögum nr. 128/2009 var gerð ríkari krafa um eignarhald til félaga svo að söluhagnaður gæti flokkast sem frádráttarbær kostnaður þannig þarf aðili að hafa átt að minnsta kosti 10% eignarhlut í lögaðila til að geta dregið hann frá tekjum sínum. Þetta veldur einsleitara eignarhaldi og fyrir vikið er erfiðara fyrir félög að fjármagna sig.

Ein skilvirkasta leiðin til þess að auka virði til hluthafa er að reyna að lágmarka skatta hverju sinni. Þannig getur hin svokallaða skattaskipulagning (e. tax planning) skipt miklu máli. Um hana verður að fara í gagngera stefnumótun svo að marka megi skýra leið fyrirtækisins til aukins hagræðis. Nauðsynlegt er að snerta á þessum atriðum því þau fjalla um gríðarlega mikilvæg málefni er varðar hugsunarhátt stjórnenda fyrirtækja. Ekki þykir undirrituðum nógu ríkjandi á meðal íslenskra fyrirtækja að huga að því beint og óbeint hve háa skatta fyrirtækið greiðir og hvað sé hægt að gera til að lágmarka þá. Einungis það að fá starfsmenn og stjórnendur til þess að miða sína vinnu með hentugri skattastefnu í huga, og að hún sé í upphafi mótuð, getur haft umtalsverða fjárhagsbót í för með sér. Í upphafi skyldi endinn skoða, einsog sagt var.

Áður en við lögðum af stað í það ferli að rannsaka íslenska skattkerfið og að reyna að mynda okkur einhverja heildræna mynd og skoðun á því, hefði okkur ekki órað fyrir því hversu fróðlegt og lærdómsríkt það ferli yrði. Þó svo að við hefðum fengið góða innsýn í það í ágætum námskeiðum eins og fjárhagsbókahaldi og gerð og greining ársreikninga, var það ekki fyrr en við sátum tíma í uppgjörum og skattskilum hjá þeim Andra Gunnarssyni, Lúðvíki Þráinssyni og Páli Jóhannessyni, sem við gerðum okkur grein fyrir því hve torfært íslenska fyrirtækja- og skattaumhverfið getur verið. Áhugavert verður að sjá hvernig skattkerfið og það umhverfi sem stjórnvöld skapa fyrirtækjum muni þróast á næstu fáu árum. Ef liðin ár eru einhver vísbending um það hvað framtíðin muni bera í skauti sér, munu breytingar vera örvar og umtalsverðar.

Heimildaskrá

- Abarbanell, J. S. og Bushee, B. J. (1998). *Abnormal returns to a fundamental analysis strategy*. Accounting Review, 1. Sótt 5. apríl 2012 af <http://hrproxy.hir.is:2061/login.aspx?direct=true&db=buh&AN=274315&site=ehost-live>
- Abrutyn, S., og Turner, R. W. (1990). *Taxes and Firms' Dividend Policies: Survey Results*. National Tax Journal, 43(4). Sótt 12. febrúar 2012 af <http://hrproxy.hir.is:2072/login.aspx?direct=true&db=buh&AN=9706062193&site=ehost-live>
- Ásmundur G. Vilhjálmsson. (2003) *Skattur á fyrirtæki*. Reykjavík: Skattvís slf.
- Dell'Anna, F. og Staubli, A. (2008). Role of the head of tax [Rafræn útgáfa]. *International Tax Review*, 44.
- Efnahags- og viðskiptaráðuneytið. (2012). *Stofnun félaga*. Sótt 18. mars 2012 af <http://www.efnahagsraduneyti.is/malaflokkar/felagarettur/uppl/nr/3113>
- Evans, Matt H. (1999). Excellence in Financial Management. *Creating Value through Financial Management*. Sótt 22. febrúar 2012 af <http://faculty.ksu.edu.sa/alashikh/my%20document/Financial%20Management/Creating%20Value%20through%20Financial.pdf>
- Gísli Gunnarsson. (2002). *Hversu stór er einingin hundrað, sem notuð var um stærð jarða?* Sótt 27. febrúar 2012 af <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=2256>
- Hagstofa Íslands. (e.d.). *Fjöldi fyrirtækja og félaga eftir rekstrarformum 2005 – 2011*. Sótt 1. apríl 2012 af <http://hagstofa.is/?PageID=2595&src=/temp/Dialog/varval.asp?ma=FYR01002%26ti=Fj%F6ldi+fyrirt%E6kja+og+f%E9laga+eftir+rekstrarformum+2005%2D2011%26path=../Database/fyrirtaeki/fjoldi/%26lang=3%26units=Fj%F6ldi>
- Hólmfríður Kristjánsdóttir. (2011). *Höft á fjárfestingum*. Sótt 5. apríl 2012 af <http://www.deloitte.com/assets/Dcom-Iceland/Local%20Assets/Documents/Hoft%20a%20fjarf%20estingum.pdf>
- Jón A. Bergsveinsson (2010, 11. janúar). *Flyja skattbreytingar með stofnun samlagsfélaga*. Fréttablaðið, bls. 1.
- Kirchhoff, B. (1997). "Entrepreneurship economics," in W. D. Bygrave (Ed), *The Portable MBA in*
- Levenson, A. (1999). Electronic News. *Worldly Planning for Global Firms*. Sótt 22. febrúar 2012 af <http://web.ebscohost.com/ehost/detail?sid=9d64795a-cd59-4912-8c5e-e8c1f4dcc391%40sessionmgr11&vid=2&hid=9&bdata=JnNpdGU9ZWwhvc3QtbGl2ZQ%3d%3d#db=aph&AN=206471>

Lúðvík Þráinsson, endurskoðandi (f. 1973). *Um skatta o.fl.* Viðtal tekið að Smáratorgi 3, Kópavogi, 3. maí 2012.

Rego, S. (2003). Tax-Avoidance Activities of U.S. Multinational Corporations [Rafræn útgáfa]. *Contemporary Accounting Research*, 4.

Ríkisskattstjóri. (e.d.) a. *Tekjuskattur og útsvar einstaklinga*. Sótt 18. mars 2012 af <http://rsk.is/einstakl/skattar/tekjusk/tekjuskattur>

Ríkisskattstjóri. (e.d.) b. *Gjaldskrá fyrirtækja- og hlutafélagaskrár*. Sótt 18. mars 2012 af <http://rsk.is/fyrirtaekjaskra/gjald>

Sigríður Logadóttir. (2003) *Lög á bók: Yfirlitsrit um lögfræði*. Reykjavík: Mál og menning.

Sýslumenn á Íslandi. (2010). *Firmaskrá*. Sótt 20. mars 2012 af <http://www.syslumenn.is/gjaldtaka/firmaskra/>

Pingskjal 79. (2006). Frumvarp til laga um sameignarfélög. *Alþingistíðindi A-deild*. Sótt 11. mars 2012 af <http://www.althingi.is/altext/133/s/0079.html>

Lög og reglugerðir

Lög um bókhald nr. 145/1994.

Lög um einkahlutafélög nr. 138/1994.

Lög um fjárfestinga erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 31/1991.

Lög um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri nr. 34/1991.

Lög um gjaldþrotaskipti nr. 21/1991.

Lög um hlutafélög nr. 2/1995.

Lög um sameignarfélög nr. 50/2007.

Lög um stimpilgjöld nr. 36/1978.

Lög um tekjuskatt nr. 90/2009.

Lög um verslanaskrár, firmu og prókúruumboð nr. 42/1903.

Reglugerð um frádrátt frá tekjum af atvinnurekstri eða sjálfstæðri starfsemi nr. 483/1994.